

Egilsstöðum 18.12.1990

Til Landbúnaðarnefndar
efri deildar Alþingis

Alþingi

Erindi nr. P 113 / 270

komudagur 19/12/1990

Efni: Frumvarp til laga um Héraðsskóga.

Hæstvirtir alþingisþingmenn.

Það er ósk okkar að 4. gr. frumvarps til laga um Héraðsskóga verði samþykkt óbreytt eins og greinin var lögð fram á seinasta þingi. Breytingar þær sem gerðar hafa verið á 4 gr. lagana í meðförum stjórnarflokkana nú í haust munu hafa örlofarikar afleiðingar fyrir verkefnið. Þar að auki lítum við á þetta sem skref afturábak þar sem skógrækt hefur verið stunduð í áratugi í Fljótsdal (svonefnd Fljótsdalsáætlun) með fullum stuðningi ríkisins. Breytingin gerir ráð fyrir að bændur í þeim 6 hreppum sem verkefnið tekur til, greiði um 5 m.kr árlega. Vegna niðurskurðar og samdráttar í landbúnaði á Héraði eru þessir fjármunir einfaldlega ekki til.

Mikil undirbúningsvinna varð til þess að samstaða 90 landeigenda náðist miðað við frumvarpið eins og það var lagt fyrir Alþingi á vordögum 1990. Við þessa breytingu 4. gr. þykir fullvíst að um 70 jarðir falli út, þar með er grundvöllur verkefnisins brostin. Allar uppgæfnar landstærðir skógræktarlandsins og forsendur fyrir kostnaðaráætlun frumvarpsins er því hrúðin til grunna. Þetta þýðir að öll undirbúningsvinna hefur verið unnin fyrir gíg, þær 35 m.kr sem ríkið hefur lagt til verkefnisins tapast.

Augljóst er að nýstofnað hlutafélag um byggingu og rekstur gróðrastöðvar verði gjaldþrota strax á næsta ári. Þetta form hlutafélag var stofnað að fyrirskipan stjórnvalda til að fullnægja plöntuþörf Héraðsskóga. Ríkið hefur keypt hlutafé fyrir um 10 m.kr, Framleiðnisjóður 5.5 m.kr og á annaðhundrað aðilar hér á svæðinu hafa keypt hlutafé fyrir um 8 m.kr. Þar sem Fljótsdalshérað er nær eina mögulega markaðssvæði fyrir þá framleiðslu sem verður á næsta ári í gróðrastöðinni, er ljóst að breyting 4. gr. hefur gjaldþrot í för með sér og þar með fer forgörðum allt það fé sem ríki og einstaklingar lögðu fram í góðri trú til þessa hlutafélags. Þegar þetta hlutafélag var stofnað hafði engin minnst á að til stæði að breyta 4. gr. frumvarpsins. Það hafa verið gerðir bindandi samningar við fjögur fyrirtæki um byggingu gróðurhúss fyrir 26.2 m.kr má gera ráð fyrir að eitthvert þessarra fyrirtækja fylgi með komi til gjaldþrots.

Í ljósi ofangreindra atriða óskum við undirrituð fyrir hönd Félags skógarbænda eftir að 4. gr. verði breytt í upprunalegt horf. Með því móti gætu hestvirtir alþingismenn afstýrt meiriháttar slysi og þar með bjargað þessu góða máli.

Virðingafyllst,
Stjórn Félags skógarbænda




Edda Björnsdóttir



Guttormur V. Þormar



Víkingur Gíslason



Gísli Guðmundsson



Eypör Hannesson

Afrit sent til: Landbúnaðarráðherra og þingmanna
Austurlands